



Fundargerð

1. fundar Skipulags-, framkvæmda- og umhverfismálanefnd Djúpavogshrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn í SFU Djúpavogshrepps að Bakka 1, Djúpavogi, þriðjudaginn 28. október 2018 kl. 17:00. Fundinn sátu Kári Snær Valtingojer, Berglind Häsler, Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir, Snjólfur Gunnarsson og Bergþóra Birgisdóttir. Ingibjörg ritaði fundargerð og Kári stjórnaði fundi

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Formaður leggur til að Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir verði kjörinn ritari.
Samþykkt samhljóma.
2. Formaður kynnti erindisbréf og samþykktir um stjórn og fundarsköp.
3. Formaður leggur til að fundir verði haldnir 4. fimmtudag í hverjum mánuði kl.16:00 í Geysi
Samþykkt samhljóða
4. Formaður fór yfir deiliskipulag lóða, miðbæjarskipulag, aðalskipulag.
5. Formaður fór yfir fyrirhugaðar framkvæmdir í sveitarfélaginu, s.s. viðbyggingu grunnskóla, fráveitu og vatnsveitu.
6. Berglind sagði frá verkefnum tengdum umhverfismálum.
7. SFU tók til skoðunar umsókn OF um framkvæmdaleyfi til lagningar ljósleiðara í Berufirði. Um er að ræða ljósleiðaralögn frá Núpi að Þiljuvöllum.
Nefndin er sammála um að sveitarstjórn gefi út umrætt framkvæmdaleyfi.
8. Grenndarkynning vegna lóðar í Mosfellsdal.
Nefndin gerir ekki athugasemdir vegna lagningar vegstæðis að lóð í landi Miðdal 2.
9. Formaður kynnti tillögur að viðbyggingu við grunnskóla og kynnti fyrirætlun um skipun í starfshóp vegna framkvæmdanna. Formaður mun á næstunni kalla saman starfshópinn til að fara yfir teikningar af viðbyggingu við grunnskólann. Hópurinn mun skila af sér tillögum sem sveitarstjórn getur haft til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.
10. Formaður kynnti tillögur að samningi um sorphirðu í Djúpavogshreppi.
Formaður SFU mun eiga samtál við Íslenska gámafélagið um framkvæmd sorphirðumála og kynna niðurstöður á næst fundi.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 18:10. Fundargerðin færð í tölvu, lesin upp, staðfest, prentuð út og síðan undirrituð.

Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir, fundarritari.

Berglind Häsler
Snjólfur Gunnarsson
Kári Snær Valtingojer
Bergþóra Birgisdóttir
Ingibjörg B. Gunnlaugsd.